

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

Kl 10:00 miðvikudaginn 4. maí 2022, Teams

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Steinunn Heba Finnsdóttir, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Guðmundur Þór Birgisson, Örn Arnarson og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri

Ársreikningur

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning en endurskoðun hjá KPMG líkur á næstu dögum. Umræður um tekjulækkun á milli ára og jákvætt að tókst að draga úr kostnaði og halda rekstrinum í jafnvægi.

Stjórn samþykkir ársreikninginn með fyrirvara um endurskoðun.

Önnur mál

Umræða um starfsemi upplýsingamiðstöðva þá sérstaklega á Akureyri þar sem ekki er starfandi upplýsingamiðstöð í Hofi þar sem áður var landshlutamiðstöð studd af ríkinu.

Stjórn Markaðsstofu Norðurlands telur mikilvægt að góðar upplýsingar séu veittar til ferðamanna í gegnum upplýsingamiðstöðvar og tæknilausnir og hvetur ríki, sveitarfélög og ferðaþjónustufyrirtæki til að standa saman að því að þetta sé tryggt.